



**Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduós bæjar - 7. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 8. apríl 2015
og hófst kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, formaður
Brynja Birgisdóttir, aðalmaður
Jakob Jónsson, aðalmaður
Guðmundur Sigurjónsson, aðalmaður
Valdimar Guðmannsson, varamaður
Bjarni Þór Einarsson, byggingafulltrúi
Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason

Dagskrá:

1. Umsókn um breytingu á deiliskipulagi fyrir urðunarstað í landi Sölvabakka. - 1501029

Óskað er eftir að meðfylgjandi breyting á deiliskipulagi fyrir Sölvabakka- urðun og efnistaka verði tekin fyrir skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd. Breytingin felur í sér að gerð er breyting á texta í gildandi deiliskipulagi en texti um byggingarreiti er breytt þar sem við bætist nýr byggingarreitur C og byggingarreitur B er stækkaður. Ennfremur er gert ráð fyrir að vélageymsla megi vera allt að 600 m² í stað 400 m².

Deiliskipulagstillaga frá 2011, Sölvabakki- urðun og efnistaka, hlaut ekki lokaafgreiðslu með auglýsingu í B- deild Stjórnartíðinda og tók því ekki formlega gildi. Því þarf málsmeðferð tillögu að breytingu á deiliskipulaginu að vera sem um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Þar sem allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í umhverfismati frá 2010 og breytingin frá deiliskipulagi fyrir svæðið sem samþykkt var í bæjarstjórn Blönduós bæjar 14.06.2011 er óveruleg þá samþykkir nefndin að falla frá málsmeðferð skv. 40. gr. skipulagslaga 123/2010. Nefndin samþykkir að auglýsa deiliskipulagið með áorðnum breytingum skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

2. Umsókn um byggingarleyfi að Garðabyggð 1 - 1501030

Umsókn um stækkun lóðar, frestað á síðasta fundi nefndarinnar.

Lögð er fram tillaga að mæliblaði fyrir lóðina Garðabyggð 1 þar sem lóðin er stækkuð til vesturs að gangstétt við 6.5m breiða götuna. Lóðin verður 1360 m² og á henni eru 6 bílastæði. Nefndin samþykkir framangreinda breytingu á lóðinni Garðabyggð 1 á Blönduósi.

3. Samþykkt um umferðarskilti - 1502012

Umfjöllun um lækun á umferðarhraða vísað til nefndarinnar af sveitarstjórn.

Nefndin telur ekki ástæðu til að breyta umferðarhraða á Blönduósi að svo komnu máli en telur rétt að taka saman upplýsingar um kostnað við að ráðast í slíkar breytingar þannig að þær liggi fyrir. Nefndin samþykkir afgreiðsluna með 4 atkvæðum en 1 situr hjá.



4. Brimslóð 10A Umsókn um breytta notkun. - 1503014

Brimslóð 10A, umsókn um byggingarleyfi og breytta notkun.

Erindi frá Gísla Agli Hrafnssyni og Ingu Elsu Bergþórsdóttur, eigendum Brimslóðar 10A á Blönduósi. Fyrirhugaðar breytingar fela í sér að þar sem áður var bílaverkstæði að Brimslóð 10 verði nú íbúðarhúsnæði. Sótt er um byggingarleyfi og breytta notkun húsnæðisins. Erindinu fylgir aðaluppdráttur í þrítíti ásamt skráningartöflu gerður hjá AOK verkstæði arkitekta ehf. af Kára Eiríkssyni arkitekt. Breytt notkun sem sótt er um er í samræmi við aðalskipulag Blönduósibæjar 2010-2030. Nefndi samþykkir að grenndarkynning fari fram vegna breyttrar notkunar og breytinga á húsinu að Brimslóð 10A. Grenndarkynningin skal taka til Brimslóðar 10B og 10C. Nefndin samþykkir byggingaráformin skv. framlögðum teikningu með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar.

5. Húnabraut 2 - Umsókn um byggingarleyfi - 1503004

Sótt er um leyfi til að breyta bílskúr í eldhús og að byggt verði 17,4 m² óupphitað rými við suðaustur hlið á bílskúr sem afgreiðsla úr eldhúsi. Þak bílskúrs verður hækkað.

Nefndin samþykkir byggingaráformin fyrir framangreindar breytingar en bendir á að skilgreina þarf eldvarnarhurð á milli brunahólfa.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____